

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Kópavogi, Selfossi, Mosfellsbæ, Höfn í Hornafirði og Dalabyggð, 6. ágúst 2020

Vegna óskar um tillögu í samræmi við 10. mgr. 15. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn (Tilvísun MMR 20030016/12.4.2)

Ráðuneytið hefur með bréfi dags. 17. júlí 2020 óskað eftir tillögu um gjöld samkvæmt 10. mgr. 15. gr. laga nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn.

Héraðsskjalasöfn eru í eigu sveitarfélaga og rekin af þeim. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er það sveitarstjórna að setja og samþykkja gjaldskrár stofnana sinna, en ekki ráðuneytis. Héraðsskjalasöfn munu vinna eftir gjaldskrár settum af sveitarstjórnunum þar sem tekið er tillit til aðstæðna, stærðar, rekstarforms og annarra þátta.

Umrædd reglugerð getur því eingöngu náð yfir Þjóðskjalasafn Íslands og önnur opinber skjalasöfn í eigu ríkisins. Því er ekki eðlilegt að einstök héraðsskjalasöfn hafi afskipti af umræddri gjaldskrárgerð.

Aftur á móti er umhugsunarvert hvers vegna allt í einu liggur á gerð þessarar gjaldskrár sex árum eftir gildistöku laganna. Þjóðskjalasafni Íslands mun hafa borist fyrirspurn frá Akraneskaupstað um tilfærslu á héraðsskjalasafni bæjarins til safnsins. Er það hugsanlega tilefni þess að farið er af stað við að setja gjaldskrá?

Þetta vekur spurningar um afstöðu Þjóðskjalasafns og ráðuneytisins til héraðsskjalasafna og hversu langt Þjóðskjalasafn Íslands ætlar að seilast til þess að hlutast til um skjalavörslumál sveitarfélaga. Í stað þess að kanna hvers vegna stjórnýsla sveitarfélagsins vildi losna undan eftirliti þáverandi héraðsskjalavarðar mun erindinu hafa verið svarað með spurningu um umfang safnkostsins. Hér virðist hafa ráðið meiru ásókn Þjóðskjalasafns Íslands í sértekjur en að styðja við eftirlit héraðsskjalavarðar í athugasemdum um skjalavörslu sveitarfélagsins.

Nýleg tilraun Þjóðskjalasafns til að leggja undir sig ákvörðunarvald um varðveislu einkaskjalasafna í héraðsskjalasöfnum hefur ekki mælst vel fyrir og er hjálagt til

upplýsingar afrit bréfs sex héraðsskjalavarða til Þjóðskjalavarðar 29. maí sl. um aðfangastefnu einkaskjalasafna.

Allt vekur þetta spurningar um hvort það sé opinber stefna að Þjóðskjalasafn Íslands leggi undir sig skjöl sveitarfélaga og afli sér með því sértekna á kostnað sveitarfélaga. Hér virðist vera markvisst unnið að því að flytja störf, þekkingu og menningararf af landsbyggðinni og verið að notfæra sér fjölda og smæð stofnananna.


Héraðsskjalasöfn eru margar og litlar stofnanir og hafa verið afar mikilvæg innan hvers samfélags. Þau hafa skapað störf, byggt upp þekkingu, traust og aðgang íbúa að menningararfi hvers héraðs. Þá er rekstur héraðsskjalasafna lykilatriði að bættri skjalavörslu sveitarfélaga. Þau tryggja nauðsynlega staðþekkingu, sveigjanleika og nálægð bæði til eftirlits og leiðbeininga.

Ljóst er að breyta verður lögum um opinber skjalasöfn að þessu leyti til að tryggja stjórnarskrárbundið sjálfstæði sveitarfélaga og stofnanna þeirra. Hvatt er til að gagnger endurskoðun á lögum um opinber skjalasöfn fari fram þar sem starfsemi héraðsskjalasafna verði eflad og héraðsskjalavörðum verði gert kleift að sinna mikilvægu eftirlitshlutverki sínu og tryggt faglegt sjálfstæði. Eftirlit, leiðbeiningar og varsla skjalasafna sveitarfélaga á ekki að verða samkeppnisvara opinberra stofnana.

Virðingarfyllt,

Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður, Kópavogi
Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður, Selfossi
Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður, Mosfellsbæ
Halldóra Jónsdóttir héraðsskjalavörður, Höfn í Hornafirði
Valdís Einarsdóttir héraðsskjalavörður, Dalabyggð

undirritað e.u.



Hjálagt:

Afrit bréfs sex héraðsskjalavarða til Þjóðskjalavarðar 29. maí 2020.

Greinargerð unnin á vegum undirritaðra héraðsskjalavarða um tvö heimildarákvæði og eitt gjaldskylduákvæði laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn sem forsendur setningar gjaldskrár fyrir opinber skjalasöfn vegna tillögubeiðni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins 17. júlí 2020

Afrit þessa bréfs er sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga.